

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**Samiðnar**  
**og**  
**Félags pípulagningameistara**

**1.gr.**

**Grundvöllur samningsins**

Samningur þessi byggir á rammasamkomulagi SALEK , dags. 27. október 2015 og bókun um lífeyrismál um jöfnun lífeyrisréttinda, dags. 5.5. 2011.

**2.gr.**

**Gildissvið**

Samningur þessi tekur til kjarasamnings sem aðilar gerðu sín á milli 23. júní 2015. 5. kafli aðalkjarasamninga um fyrirtækjapátt, skal uppfæra sérstaklega í samræmi við grein 2.b. í rammasamkomulagi, dags. 27. október 2015, sem segir að kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda) skuli ekki verða meiri en samsvarar vísitölugildinu 132 í árslok 2018, miðað við gildið 100 í nóvember 2013. Þessari vinnu verði lokið fyrir lok mars og miðist við að breytingar taki gildi á sömu dagsetningum og í þessum samningi.

**3. gr.**

**Framlag í lífeyrissjóði**

Framlag launagreiðenda hækki og verði eftirfarandi:

Frá 1. júlí 2016: 8,5%.

Frá 1. júlí 2017: 10,0%.

Frá 1. júlí 2018: 11,5%.

Samstaða er meðal aðila vinnumarkaðar um samræmingu lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins þannig að einstaklingum á vinnumarkaði verði, við 67 ára aldur, tryggður mánaðarlegur ellilífeyrir sem nemi 76% af meðaltals mánaðartekjum sem viðkomandi höfðu á starfsævinni. Almenna lífeyriskerfið hefur hingað til miðast við 56%. Þessi trygging felur í sér 35% meiri ávinnslu lífeyrisréttar en áður og næst með hækkun framlags launagreiðenda úr úr 8,0% í 11,5%. Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðanda í bundinn séreignasparnað í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði. Nauðsynlegt er að undirbúa þessa heimild vandlega. Annars vegar með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyriskerfisins og hins vegar með tilliti til áhrifa þessa vals á réttindi til áfalla- og fjölskyldutrygginga og ævilangs lífeyris þannig að sjóðfélagar geti tekið upplýsta ákvörðun um samsetningu réttinda sinna.

**4. gr.**

*L.PÓ  
D.M  
E.H  
J.D  
H.H*

## **Almennar launabreytingar**

Launaþróunartrygging fyrir árið 2016 fellur brott. Í stað hennar kemur 6,2% almenn launahækkun þann 1. janúar 2016, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, þ.m.t. hækkan annarra kjaratengdra liða en desember og orlofsuppbóta, sbr. þó meðfylgjandi bókun með þessari grein.

1. maí 2017: 4,5% almenn launahækkun.

1. maí 2018: 3,0% almenn launahækkun.

## **5. gr.**

Hafi þau frumvörp sem félags- og húsnaðismálaráðherra flutti á Alþingi í desember 2015 um húsnaðisbætur og almennar íbúdir ekki verið afgreidd sem lög án verulegra efnisbreytinga fyrir lok febrúar 2016, eru aðilar sammála um að fresta skoðun forsendunefndar í febrúar 2016 hvað þessi frumvörp varðar til febrúar 2017 og telst það þá vera ný forsenda.

## **6. gr.**

### **Afgreiðsla samningsins**

Kjarasamning þennan skal með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938, bera upp í atkvæðagreiðslu félagsmanna Samiðnar sem taka laun skv. almennum kjarasamningi milli Samiðnar og Félags pípulagningameistara frá 23. júní 2015... Prátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 eru aðilar sammála um að tilkynna skuli niðurstöðu atkvæðagreiðslna fyrir kl. 14:00 26. febrúar 2016.

### **Bókun til skyringar á 4. gr.**

Prátt fyrir ákvæði 4. gr. og þrátt fyrir ákvæði bókunar aðila frá 5.5.2011 um almennar launahækkunar, er launagreiðanda heimilt að draga frá umsaminni launahækkun á árinu 2016, ótilkynnta almenna hækkan launa starfsmanna sem framkvæmd hefur verið eftir gildistöku kjarasamninga viðkomandi aðildarsamtaka á árinu 2015 og fram að undirskrift þessa samnings, hafi launagreiðandi framkvæmt slíka hækkan launa gagnvart þorra starfsmanna. Þó skal enginn starfsmaður fá minna en 6,2% launahækkun, að lágmarki kr. 15.000 á mánaðarlaun fyrir dagvinnu, á tímabilinu 2. maí til 31. desember 2015.

Reykjavík, 26. janúar 2016

F.h. Félag pípulagningameistara

B. M. H. J.  
Guðmundur Ólafsson  
Lapjóll Helmar  
Parlakon. Eng/oldur

F.h. Samiðnar

Hilmarur Höglund  
Jón Guðrúnar Ólafsson

**Launatafla Samiðnar og Félags bípulagingarmeistara 2016-2018**

**Gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018**

	1.maí.15	1.jan.16	1.maí.17	1.maí.18
		1,062	1,045	1,03
<b>Byrjunarlaun sveina</b>	355.842	377.904	394.910	406.757
<b>Eftir 1 ár starfsgrein</b>	363.863	386.423	403.812	415.926
<b>Eftir 3 ár í starfsgrein</b>	372.085	395.154	412.936	425.324
<b>Eftir 5 ár í starfsgrein</b>	386.385	410.341	428.806	441.670
<b>Eftir 7 ár í starfsgrein</b>	395.872	420.416	439.335	452.515
<b>2 sveinsbréf o.fl</b>	404.726	429.819	449.161	462.636
	413.801	439.457	459.232	473.009
	423.103	449.335	469.555	483.642
	432.637	459.460	480.136	494.540
	442.410	469.839	490.982	505.712

**Launaflokkur 2**

Almenn hækkun	1.maí.15	1.jan.16	1.maí.17	1.maí.18
		1,062	1,045	1,03
<b>Byrjunalaun</b>	314.325	333.813	348.835	359.300
<b>Eftir 1 ár starfsgrein</b>	323.448	343.502	358.959	369.728

Nemar í bípulögnum	1.maí.15	1.jan.16	1.maí.17	1.maí.18
		1,062	1,045	1,03
<b>Fyrstu 12 vikurnar</b>	243.219	258.299	272.421	280.594
<b>Næstu tvær vikurnar</b>	255.939	271.807	285.841	294.416
<b>Eftri 24 vikur</b>	268.656	285.313	299.257	308.235

Reykjavík 25. janúar 2016

B.M  
B.P  
B.G

H.H. B.G.